

✉ Re: Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024: Endurskoðun

Búið til	11.10.2021 09:40:48
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	11.10.2021 09:40:44
Tilheyrir	📁 202109-0037 - Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024: Endurskoðun

Efni

Re: Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024: Endurskoðun

Upplýsingar

Sent	11.10.2021 09:40:44	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	stefan@vso.is, sss@sss.is

Innihald

Góðan daginn,

Afsakið það fyrirfirst að senda umsögnina fyrir helgina þannig að hún berst hér eftir áætlaðan skiladag.

En eftirfylgjandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands:

Tilvísun í mál nr. 202109-0037 (SS).

Vísað er í tölvupóst, dags. 28.9.2021, frá svæðisskipulagsnefnd Suðurnesja, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um verkefnislýsingu vegna endurskoðunar á Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024.

Náttúrufræðistofnun er ekki lögbundinn umsagnaraðili um skipulags- og matslýsingar og á þessu stigi vill einungis koma einni almennri athugasemd á framfæri.

Á Reykjanesi er náttúrufar fjölbreytt og verðmætt og margar skilgreindar náttúruminjar með hátt verndargildi, einkum jarðfræðilegar minjar tengdar eldvirkni enda nokkrar megineldstöðvar á svæðinu. Einkum er mikið um hraun og hraunmyndanir, gíga og jarðhitasvæði, móbergsmýndanir af ýmsum toga og mikil fjölbreytni í landslagi. Þá eru ýmis áhugaverð gróðurlendi m.a. tengt jarðhita og mikilvæg fuglasvæði eru mörg einkum með ströndum fram.

Í kafla verkefnislýsingarinnar um náttúruvernd kemur fram að gögn Náttúrufræðistofnunar verði nýtt til að leggja mat á náttúruverndargildi svæðisins og m.a. minnst á vistgerðir, mikilvæg fuglasvæði og svæði sem njóta sérstakrar verndar sem og tillögur stofnunarinnar fyrir B-hluta náttúruverndaráætlunar. Náttúrufræðistofnun vill einnig benda á svæði á gildandi náttúruverndaráætlun 2004-2008. Ekki var lokið við friðlýsingu náttúruverndar innan þess afmarkaða svæðis sem fjallað var um í náttúruverndaráætlun 2004-2008 og sem Alþingi samþykkti. Hins vegar hefur töluvert verið gengið á svæðið og sérstaklega jarðminjum af ýmsum toga raskað. Í ljósi þess er mikilvægt að huga að þolmörkum og leggja mat á verndarstöðu einstakra svæða og náttúruverndar þegar ýmis áform um t.d. orkunýtingu eða uppbyggingu innviða eru til umfjöllunar.

Náttúrufræðistofnun leggur almennt áherslu á að allar ákvarðanir í mats- eða skipulagsvinnu byggi á sem bestum þekkingargrunni hvað varðar náttúruvernd og að alltaf sé leitað leiða til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á náttúruna.

Að öðru leyti gerir Náttúrufræðistofnun ekki athugasemdir við verkefnislýsinguna sem er greinargóð og skipulögð en áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum svæðisskipulagsvinnunnar.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(http://www.ni.is/\)](http://www.ni.is/)



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Stefán Gunnar Thors" <stefan@vso.is>

To: "Upplýsingar - FERDA" <upplýsingar@ferdamalastofa.is>; "skrifstofa@vogar.is" <skrifstofa@vogar.is>; "info@reykjanesgeopark.is" <info@reykjanesgeopark.is>; "kadeco@kadeco.is" <kadeco@kadeco.is>; "landvernd@landvernd.is" <landvernd@landvernd.is>; "nsve@nsve.is" <nsve@nsve.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "postur@minjastofnun.is" <postur@minjastofnun.is>; "reykjanesbaer@reykjanesbaer.is" <reykjanesbaer@reykjanesbaer.is>; "hafnarfjordur@hafnarfjordur.is" <hafnarfjordur@hafnarfjordur.is>; "gardabaer@gardabaer.is" <gardabaer@gardabaer.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "hsorka@hsorka.is" <hsorka@hsorka.is>; "hsveitur@hsveitur.is" <hsveitur@hsveitur.is>; "sveinn.valdimarsson@isavia.is" <sveinn.valdimarsson@isavia.is>; "hraunavinir@gmail.com" <hraunavinir@gmail.com>; "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "hes@hes.is" <hes@hes.is>; "samgongustofa@samgongustofa.is" <samgongustofa@samgongustofa.is>; "afgreidsla@sudurnesjabaer.is" <afgreidsla@sudurnesjabaer.is>; "grindavik@grindavik.is" <grindavik@grindavik.is>; "olfus@olfus.is" <olfus@olfus.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>

CC:

Subject: Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024: Endurskoðun

Date: 28.9.2021 11:48:59

Ágæti viðtakandi

Fyrir hönd svæðisskipulagsnefndar Suðurnesja er óskað eftir umsögn um verkefnislýsingu vegna endurskoðunar á Svæðisskipulagi Suðurnesja 2008-2024 sbr. 1. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Frá staðfestingu Svæðisskipulags Suðurnesja 2008-2024 hafa orðið margvíslegar breytingar á mikilvægum forsendum. Því hefur svæðisskipulagsnefndin ákveðið að endurskoða stefnu svæðisskipulagsins sem tekur til sameiginlegra hagsmuna sveitarfélaga á Suðurnesjum s.s. íbúapróunar og búsetu, atvinnulífs, auðlinda,

innviða, loftslagsmála, náttúruvár og heimsmarkmiða.

Athugasemdum og ábendingum varðandi lýsinguna skal skila til skrifstofu SSS eða á netfangið sss@sss.is (<mailto:sss@sss.is>). Athugasemdafrestur er til og með 10.10.2021.

Kveðja,

Stefán Gunnar Thors

Umhverfishagfræði M.Sc.

Sviðsstjóri Umhverfis og skipulags

VSÓ RÁÐGJÖF

Borgartúni 20, 105 Reykjavík, Ísland

sími: 585 9180

gsm: 660 9980

netfang: stefan@vso.is (<mailto:stefan@vso.is>)

heimasíða: www.vso.is (<http://www.vso.is/>).

Leiddu hugann að umhverfinu áður en þú prentar út þennan tölvupóst.

Þessi tölvupóstur og viðhengi hans getur innihaldið trúnaðarupplýsingar eingöngu ætlaðar þeim sem hann er stílaður á.

Ef póstur þessi berst fyrir mistök þá vinsamlegast gerið sendanda viðvart og eyðið póstsendingunni.

Viðhengi

image001.png (5 KB)
Svæðisskipulag_Lýsing_2021a.pdf (684 KB)